

## Spádómar – sannir eða falskir?

Hvarf spádómsgáfan með dauða hinna tólf postula Krists? Er Nýja Testamentið síðasta opinberun Guðs til okkar? Hafa komið fram spádómar eftir þann tíma? Hvað kennir Biblían í raun og veru um þetta efni? Í þessari verkefni munum við rannsaka þetta og aðrar spurningar.

**1. Hvaða aðrar gjafir gaf Kristur kirkju sinni þegar hann fór til himins eftir upprisuna?** Efesusbréfið 4.7-8, 11

---

**2. Hverjar eru þrjár orsakir þess að hann gaf okkur þessar gjafir?** Efesusbréfið 4.11-13

- a. \_\_\_\_\_
- b. \_\_\_\_\_
- c. \_\_\_\_\_

**3. Hve lengi eiga þessar gjafir að vera til staðar í kirkjunni?** Efesusbréfið 4.13-15

---

*Ath. Gjöf þjónustunnar sem felst í starfi prédikara, hirða, kennara og trúboða er nauðsynleg allt til komu Drottins. Hvers vegna ætti gjöf spádómsgáfunnar ein að vera undanskilin og hverfa út? Textinn segir að þessar gjafir séu nauðsynlegar þangað til „að við öll verðum einhuga í trúnni... verðum fullþroska og náum vaxtartakmarki Krists fyllingar.“ Þessi tími er vissulega ekki kominn ennþá. Þess vegna hefur kirkjan enn þörf fyrir þessar gjafir, þar með talda gjöf spádómsgáfunnar.*

**4. Í hvaða samhengi ráðleggur Páll okkur að „slökkva ekki andann“?**

1 Þessaloníkubréf 5.19-20

---

**5. Hver er ráðlegging hans til okkar varðandi spádóma?** 1 Þessaloníkubréf 5.21;

1 Jóhannesarbréf 4.1

---

**6. Hvers vegna ættum við að „prófa“ spámenn?** Matteus 24.24

---

**7. Hvað segir Biblían um að verða muni á hinum síðustu dögum áður en Kristur kemur aftur?** Jóel 2:28-31

---

*Ath. Guð segir að á hinum síðustu dögum fyrir endurkomu Jesú muni hann opinbera fólki sínu, bæði mönnum og konum, spádóma og sýnir. Áður en heiminum var eytt með flóði sendi Guð Nóa til að vara heiminn við. Væri það ekki raunhæft af Guði að senda heiminum viðvörðun áður en hann eyðir heiminum með eldi? En af því að fram munu koma „falsspámenn“ er okkur sagt að „fyrirlíta ekki spádómsorð,“ heldur **sannreyna þau**.*

## **8. Hver er ein leiðin til að prófa spámann? Matteus 7.15-20**

## **9. Hvaða prófstein þurfa kenningar og starf spámanns að standast?**

1 Jóhannesarbréf 4.2; Jesaja 8.19-20

*Ath. Samkvæmt orði Guðs þarf sannur spámaður að vera í samræmi við allt lögmál og kenningar Biblíunnar. Á síðustu öld komu fram nokkrir spámenn, en þar sem kenningar þeirra stönguðust á við Biblíuna var augljóst að hér var um falsspámenn að ræða. Á áttunda áratugnum voru t.d. Jeanne Dixon og Ruth Montgomery að kenna samskipti við hina dónu. Þar sem Biblían kennir svo greinilega að aðeins Guð sé ódauðlegur og að maðurinn verði dauðlegur þangað til Kristur kemur aftur, þá getur enginn sem kennir ódauðleika sálarinnar mögulega verið sannur spámaður. Sjá „Tólf prófsteinar fyrir sannan spámann“ í lok þessa verkefnis.*

*Ellen G. White var kona sem átti mjög náid samfélag við Drottin eins og sést best í ritum hennar. Áætlað er að hún hafi fengið um það bil tvö þúsund vitranir sem stóðu yfir frá fimmtán mínútum upp í nærri fjórar klukkustundir. Ellen G. White hætti algjörlega að anda meðan á vitrun stóð. Hjarta hennar og púls slógu og augu hennar voru alltaf opin og beindust upp á við. Þessi sendiboði Guðs framkvæmdi verk sitt af trúmennsku og bar sanna ávexti þangað til hún dó 1915, þá 87 ára að aldri. Kenningar hennar voru ávallt í samræmi við Biblíuna. Síðustu orð hennar á fjölmennri opinberri samkomu voru: „Bræður og systur, ég fel ykkur þessa bók [Biblíuna].“ Líf hennar og rit voru kirkjunni til uppbyggingar, styrktu aðra til að starfa fyrir Guð og Ellen White upplyfti Kristi bæði í orði og verki.*

*Þótt Ellen White hafi aðeins notið þriggja ára skólagöngu er hún einn þeirra rithöfundar sem notið hafa hvað mestrar útbreiðslu verka sinna og bækur hennar hafa verið þýddar á fleiri tungumál en nokkurs annars kvenrithöfundar. Milljónir manna og kvenna bera vitni um gildi ritverka hennar til að leiða þau til nánara samfélags við Drottin. Hægt er að rekja heims víðtæka hreyfingu sem felur í sér bókaútgáfur, háskóla, sjúkrahús, jafnvel læknaháskóla til ævistarfs þessarar konu og opinberana hennar frá Drottinni. Ef við metum hana út frá orðum Jesú, þ.e., „af ávöxtunum þeirra skuluð þér því þekkja þá,“ finnum við nægan vitnisburð þess að köllun hennar hafi verið frá Guði.*

## *Tólf prófsteinar til að sannreyna spámann*

- 1. Sannur spámaður segir ekki ósatt. Þau orð sem hann segir skilyrðislaust fyrir um eru alltaf 100% rétt. 5 Mósebók 18.21-22.*
- 2. Sannur spámaður spáir ekki fyrir gjald, þóknun eða peninga. 2 Konungabók 5.15-16.*
- 3. Sannur spámaður túlkar sína spádóma og spádóma annarra spámanna samkvæmt opinberun Drottins. 2 Pétursbréf 1.20.*
- 4. Sannur spámaður spáir ekki í eigin nafni heldur í nafni Drottins. 2 Pétursbréf 1.21.*
- 5. Sannur spámaður bendir á syndir, yfirtroðslur og misgjörðir fólks gegn Guði. Jesaja 58.1.*
- 6. Sannur spámaður varar fólk við komandi dómum Guðs. Jesaja 24.19-21.*
- 7. Sannur spámaður byggir upp kirkjuna með ráðum og leiðbeiningum í andlegum málum. 1 Korintubríf 14.3-4.*
- 8. Sannur spámaður er í fullu samræmi við orð þeirra spámanna sem hafa verið á undan honum. Jesaja 8.20.*
- 9. Sannur spámaður viðurkennir holdtekju og guðdóm Jesú Krists. 1 Jóhannesarbréf 4.1-3.*
- 10. Sannur spámaður andar ekki þegar hann er í sýn. Daníel 10.15, 17.*
- 11. Sannur spámaður þekkist af ávexti verka sinna. Matteus 7.16-20.*
- 12. Sannur spámaður starfar í samræmi við vilja og velþóknun Guðs eins og birtist í Biblíunni almennt og sérstaklega í boðorðunum tíu. 5 Mósebók 18.18-19.*

# Svör við nr. 29

Spurning 1 – Postula, spámenn, trúboða, hirða og kennara

Spurning 2 – a. að undirbúa fólk Guðs til þjónustu

b. að söfnuður Krists megi uppbyggjast

c. svo að við verðum öll einhuga í trúnni og verðum fullþroska

Spurning 3 – Til tíma endalokanna

Spurning 4 – Fyrirlítið ekki spádómsorð

Spurning 5 – Prófið spádómana

Spurning 6 – Guð varar okkur við falsspámönnum

Spurning 7 – Anda Guðs verður úthellt í formi drauma og sýna

Spurning 8 – Af ávöxtunum þeirra eða verkum munið þið þekkja þá

Spurning 9 – Það þarf að vera í samræmi við lögmál og kenningar Biblíunnar